

Föstudaginn 12. nóvember 1965.

Nr. 142/1964. **Jóhann Guðmundsson**

(Árni Gunnlaugsson hrl.)

gegn

**Sæmundi Sigurðssyni**

(Sveinn Haukur Valdimarsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Vinnusamningur. Ráðningarkjör sjómanna.

### Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. september 1964. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 11.514.52 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. júlí 1963 til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Þá krefst áfrýjandi þess, að viðurkenndur verði sjóveðréttur í v/s Ársæli Sigurðssyni II, GK 80, til tryggingar greiðslu tildæmdra krafna.

Stefndi krefst sýknu af kröfum áfrýjanda og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

### Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

### Dómur sjó- og verzlunardóms Hafnarfjarðar 2. júní 1964.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 27. þ. m., hefur Jóhann Guðmundsson sjómaður, Austurgötu 29, hér í bæ, höfðað fyrir dóm-inum með stefnu, útgefinni 13. nóvember 1963, gegn Sæmundi Sigurðssyni, Austurgötu 16, hér í bæ, til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 11.514.52, auk 8% ársvaxta frá 1. júlí 1963 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Þá krefst stefnandi

þess, að viðurkenndur verði sjóveðréttur í v/s Ársæli Sigurðs-syni II, GK 80, til tryggingar tildæmdum kröfum.

Af hálfu stefnda er þess krafizt, að hann verði algerlega sýkn-aður af öllum kröfum stefnanda og honum dæmdur málskostn-aður úr hendi hans.

Málavextir:

Haustið 1962 réðst stefnandi í skiprúm á bát stefnda, Ársæl Sigurðsson II, GK 80, sem fór á síldveiðar með hringnót. Eftir áramótin 1962—63 hélt báturinn áfram síldveiðum til 5. febrú-ar, en þá voru skipverjar afskráðir og síldarnótin tekin í land.

Lögskráning skipverja hafði farið fram, eins og skylt er, 2. janúar. Um miðjan febrúarmánuð fór báturinn á þorskveiðar. Var skráð á hann 14. febrúar, en afskráð 18. maí. Einum til tveimur dögum áður en lögskráð var á bátinn, hafði þorska-nót og þorskanet ásamt tilheyrandi verið tekið um borð í hann. Frá því veiðarnar hófust og þangað til um 24. marz, var ein-göngu veitt í þorskanótina, en eftir þann tíma voru þorskanetin eingöngu notuð. Á þessu tímabili var aflí bátsins rúm 1035 tonn, þar af veiddust 459.5 tonn í þorskanótina.

Þegar vertíðinni lauk og gera skyldi upp hlut stefnanda, reis ágreiningur milli aðilja um það, eftir hvaða skiptakjörum ætti að gera upp þann afla, sem veiddist í þorskanótina. Taldi stefn-andi, að stefnda bæri að gera upp þenna hluta aflans samkvæmt þeim skiptakjörum, er gilda á síldveiðum með hringnót, en samkvæmt 3. gr. samnings um kaup og kjör á síldveiðum frá 20. nóvember 1962 er hlutur skipverja á bátum af sömu stærð og Ársæll Sigurðsson II 37.5% af heildaraflaverðmæti og skipt-ist í 11 staði.

Stefndi hélt því hins vegar fram, að aflahlutur stefnanda ætti að gerast upp samkvæmt þeim skiptakjörum, sem gilda á línu- og netjaveiðum án tillits til þess, hvort aflinn hefði verið veidd-ur í þorskanót eða net, en samkvæmt 1. gr. kjarasamnings frá 24. október 1962 skulu skipverjar á línu- og netjaveiðum fá 29.5% af heildarafla bátsins í sinn hlut, sem í þessu tilviki hefði einnig skipzt í 11 staði.

Stefnukrafan í málinu er það kaup, sem stefnandi telur sig eiga inni hjá stefnanda vegna vanreiknaðs aflahlutar af fyrr-nefndum 459.5 tonnum. Krafan sætir ekki andmælum tölulega, en stefndi hefur til ýtrustu vara mótmælt vaxtakröfunni sem of hárrí. Ágreiningur er ekki um þau málsatvik, sem áður var lýst.

Lagt hefur verið fram í málinu staðfest endurrit af skipshafnarskrá Ársæls Sigurðssonar II, GK 80. Dálkur nr. 6 í skránni ber yfirskriftina: „Ferð sú eða farleið, sem sjómaðurinn er ráðinn til“, en næsti dálkur nr. 7: „Umsamið kaup“. Þegar skráð var á bátinn 2. janúar 1963 var skráð í fyrri dálkinn „Síldveiðar“, en í þann síðari „Skv. samningi“. Er skráð var á bátinn 14. febrúar 1963, var aðeins skrifað í fyrri dálkinn „Þorskanet“, en í þann síðari var ekkert skráð. Stefnandi skrifaði nafn sitt í skipshafnarskrána í síðara skiptið, en ekki í það fyrra.

Stefnandi styður kröfu sína með því, að ekki verði beinlínis ráðið af lögskráningunni, hvaða kaup hann hafi átt að fá, þar sem ekkert sé tekið fram um það í 7. dálki skipshafnarskrárinna, hvað umsamið kaup hafi átt að vera. Með undirskrift sinni í skipshafnarskrána hafi hann ekki undirgengizt neinn kjarasamning. Beri að túlka þessa þögn honum í hag. Eðlilegast sé að líta svo á, að engin breyting hafi orðið á kaupum hans frá fyrra skráningartímabili, og leggja það kaup, sem þá gildi, til grundvallar deiluefninu.

Í öðru lagi heldur stefnandi því fram, að í 3. grein samnings um kaup og kjör á síldveiðum, sem áður getur og kveður á um skiptakjör á síldveiðum með hringnót, felist almenn regla, sem einnig verði að beita um aðrar veiðar með hringnót.

Verði ekki á þessa málsástæðu fallizt, telur stefnandi, að beint liggi við að beita fyrrnefndri 3. grein með löggjöfnun um veiðar með þorskanót. Rökstyður stefnandi þessa kröfu með því, að eðlilegast sé að láta sömu skiptakjör gilda um veiðar með þorskanót og síldveiðar með hringnót, þar sem bæði veiðarfærin séu hringnætur og veiðar með þeim á ýmsan hátt hliðstæðar. Þar við bætist, að það sé ríkjandi venja að gera upp aflahlut skipverja á veiðum með þorskanót með sömu skiptakjörum og gilda á síldveiðum með hringnót. Loks sé krafa hans ekki ósanngjörn, og beri því með hliðsjón af 5. gr. laga um lausafjárkaup nr. 39 frá 1922 að taka hana til greina. Í þessu sambandi leggur stefnandi áherzlu á, að útgerðarkostnaður sé mun minni á veiðum í þorskanót en á síldveiðum með hringnót, þar sem þorskanótin sé helmingi ódýrara veiðarfæri en síldarnótin. Einnig sé veiðarfærakostnaður meiri á veiðum með þorskanet en þorskanót. Auk þess sé það meiri vinna fyrir skipverja að veiða með þorskanót en síldarnót, þar sem blóðga þurfi fiskinn í fyrra tilvikinu. Öll þessi rök telur stefnandi hníga að því, að sann-

gjarnt sé, að kjör hans á veiðum með þorskanót séu ekki lakari en á síldveiðum með hringnót.

Af hálfu stefnda er því haldið fram sem aðalástæðu, að kjarasamningurinn frá 24. október 1962 um línu- og netjaveiðar nái beinlínis til veiða með þorskanót. Fyrsta grein samningsins um skiptakjör á línu- og netjaveiðum taki til veiða með „netjum“, ótöldum annars staðar í samningnum, þ. e. netjum með botnvörpu, dragnót eða humarnót.

Verði ekki talið, að fyrrnefndur samningur gildi beinlínis um veiðar með þorskanót, reisir stefndi kröfur sínar til vara á þeirri málsástæðu, að með lögskráningunni 14/2 1963 hafi komizt á samningur um það, að hann skyldi gilda. Stefndanda hafi verið ljóst, að síldveiðum var lokið og nýtt veiðitímabil að hefjast. Hann hafi einnig gert sér grein fyrir því, að hann var skráður á veiðar með þorskanet og þá samkvæmt þeim eina samningi, sem til er um þær veiðar. Stefndanda hafi enn fremur verið ljóst, að reyna átti veiðar með þorskanót, þar sem það veiðarfæri hafði verið tekið um borð í bátinn, áður en skráð var. Ósennilegt sé, að honum hafi ekki verið kunnugt um það, að stefndi hafði á undanförunum vertíðum gert upp við skipverja samkvæmt ákvæðum um þorskanetjaveiðar, þegar veitt var með þorskanót, þannig að fullkomin ástæða hefði verið til þess að gera sérstakan fyrirvara, ef ætlunin hefði verið að breyta þeirri venju.

Til þrautavara reisir stefndi kröfur sínar á því, að eðli málsins og sanngirni mæli með því að beita fremur ákvæðum kjarasamnings um þorskveiðar en síldveiðar. Grundvöllur kjarasamninganna sé fisktegundin, sem sótt sé eftir, en ekki veiðarfærið. Þorskanót og síldarnót séu einnig gerólik veiðarfæri og sú fyrrnefnda miklu minni og auðveldari í meðförum. Í sambandi við útgerðarkostnaðinn sé þess að gæta, að veiðar í þorskanót hafi ekki verið stundaðar nema 3—4 vikur á ári, en ending nótanna ekki nema 2—3 ár, miðað við þenna stutta notkunartíma. Þá sé einnig minni vinna við þorskanótina en síldarnót, miðað við einingu aflaverðmætis á þeim tíma, sem veiðar í þorskanót eru stundaðar, og mun léttara að veiða þorsk í nót heldur en net. Loks mæli hagkvæmisástæður með því, að sömu kjör gildi um veiðar með þorskanót og net, þar sem fyrir geti komið, að afli í sömu veiðiferð hafi verið veiddur í hvor tveggja veiðarfærin.

Hér að framan hafa verið rakin helztu málsatvik og rökstuðningur aðilja fyrir kröfum sínum.

Samningur um kaup og kjör á síldveiðum, sem áður getur, var gerður 20. nóvember 1962. Gildistími hans var til ársloka 1963. Samningurinn er uppsegjanlegur með tveggja mánaða fyrirvara, en framlengist um eitt ár í senn með sama uppsagnarfresti, ef honum er eigi sagt upp. Hinn kjarasamningurinn um kaup og kjör háseta, vélstjóra og matsveina á vélbátum, sem veiða með línu, netjum, botnvörpu, dragnót og humarvörpu, var gerður 24. október 1962 og gildi frá 1. nóvember það ár til 31. desember 1963. Sams konar ákvæði voru í samningnum um uppsagnarfrest og framlengingu og í samningnum um síldar-kjörin.

Í hvorugum þessara samninga er minnzt á veiðar með þorskanót, sem hefði þó verið ástæða til að gera, ef samningunum var ætlað að gilda um veiðar með því veiðarfæri. Veiðar með þorskanót munu heldur ekki hafa borið verulegan árangur fyrr en á vetrarvertíðinni 1963. Af þessari þögn kjarasamninganna og öðrum atvikum þykir mega ráða, að veiðar með þorskanót hafi ekki verið hafðar í huga, þegar samningarnir voru gerðir, en af því leiðir, að hvorki 3. gr. samningsins um kaup og kjör á síldveiðum frá 20. nóvember 1962 né 1. gr. samningsins um veiðar með línu, netjum o. fl. tekur beint til veiða með þorskanót.

Stefnandi hefur lagt fram í málinu vottorð frá skipverjum af sex bátum um það, að þeir hafi á vetrarvertíð 1963 stundað um tíma veiðar með þorskanót og að gert hafi verið upp við þá fyrir þær veiðar eftir sömu skiptakjörum og gilda á síldveiðum með hringnót. Að ósk dómsins öfluðu umboðsmenn aðilja upplýsinga um það, hvernig lögskráningu á báta þessa hefði verið háttáð. Kom í ljós, að á fimm skipanna voru skipverjar skráðir til síldveiða samkvæmt samningum á þeim tíma, sem veiðarnar með þorskanótinni fóru fram. Skip þessi stunduðu öll síldveiðar frá áramótum fram á vor 1963, en reyndu þorskveiðar í nót um tveggja til þriggja vikna skeið um miðbik veiðitímans. Á sjötta skipið var lögskráð á þorskveiðar með nót samkvæmt samningi frá 20/4—25/4 1963, en þá var skráð á síldveiðar á ný.

Það er komið fram í málinu, að stefndi hafði tvívegis fyrir vetrarvertíð 1963 veitt þorsk í nót og gert upp aflahlut skipverja eftir sömu skiptakjörum og gilda um netjaveiðar, en stefnandi var ekki í skiprúmi hjá honum þá og ósannað, að honum hafi verið um þetta kunnugt, þegar hann var lögskráður 14. febrúar 1963.

Eins og áður greinir, var skráð á bátinn til veiða með þorskanet. Þorskanótin var hins vegar ekki nefnd á nafn, en hún hafði verið tekin um borð í bátinn, áður en skráð var, og var stefnanda ljóst, að veiðarnar yrðu bæði stundaðar með þorskanót og netjum. Lögskráningunni var að því leyti ábótavant, að ekkert var skráð í dálk skipshafnarskrárinnar fyrir umsamið kaup. Þrátt fyrir þenna galla í lögskráningunni lítur dómurinn svo á, að stefnanda hafi mátt vera ljóst, að kjarasamningi um veiðar í þorskanet var ætlað að gilda um ráðningu hans, enda er óumdeilt, að svo hafi verið um þann aflu, sem veiddist í netin. Stefnanda bar því að gera athugasemd við skráninguna, ef hann vildi ekki ganga að þessum kjörum, en ekki hefur komið fram, að hann eða aðrir skipverjar, sem áður höfðu verið á bátinum, hafi hreyft neinum athugasemdum, þegar lögskráning fór fram.

Samkvæmt framanskráðu verður því að telja, að með lögskráningunni 14. febrúar 1963 hafi stofnast samningur um það, að skiptakjörin á veiðum í net skyldu gilda um ráðningu stefnanda, hvort sem veitt var í net eða þorskanót, og þar sem samningurinn fer ekki í bága við gildandi samninga sjómanna og útvegsmanna um kaup og kjör, verður að telja hann gildan.

Úrslit málsins verða því þau, að sýkna ber stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Jón Finnsson, fulltrúi bæjarfógeta, og meðdómsmennirnir Þorsteinn Einarsson og Þorsteinn Eyjólfsson kváðu upp dóm þenna.

#### Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Sæmundur Sigurðsson, á að vera sýkn af kröfum stefnandans, Jóhanns Guðmundssonar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

---